



# Brú milli tungumála

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs  
2014 - 2015

Leikskólinn Gefnarborg

Verkefnastjóri: Elsa Pálsdóttir

Númer samnings: UMS-137

## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið þessa verkefnis var að styrkja máltöku og læsi barna af erlendum uppruna. Stuðla að því að börn af erlendum uppruna verði sem best tilbúin til að takast á við íslenska skólagöngu. Styðja við og aðstoða erlenda foreldra í stuðningshlutverki sínu varðandi máltöku og læsi barna á íslensku.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Keyptar voru fjórar spjaldtölvur þ.e. ein fyrir hverja deild og þær nýttar til málörvunar á öllum deildum leikskólans. Fundin voru viðeigandi smáforrit s.s. til að búa til orðabækur og sögur, einnig voru fundnir fjölbreyttir málörvunarleikir og önnur málörvunarverkefni. Þessi vinna fór ýmist fram inni á deildum eða börnin voru tekin í sérstakar þjálfunarstundir ein eða með öðrum börnum. Allt starfsfólk leikskólans fór á námskeið til að læra að nota spjaldtölvur í starfi með börnum.



Lögð var áhersla á aukið samstarf við foreldra m.a. með auknu upplýsingaflæði, leiðbeiningum og aðstoð. Haldinn var foreldrafundur með foreldrum þátttakenda og fór hann fram á fjórum tungumálum.

Stjórnendur leikskólans fóru á vegum Erasmus+ til London til að kynna sér hvernig unnið er að þessum málum í Bretlandi. Verið er að vinna úr niðurstöðum þeirrar ferðar.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Í upphafi verkefnisins voru gerðar tillögur að leiðum til að ná markmiðunum en síðan átti að þróa þær áfram og finna nýjar leiðir sem vænlegar væru til árangurs. Reyndin varð sú að spjaldtölvurnar voru góð og öflug viðbót við aðrar aðferðir en nýttust ekki eins mikið og til stóð í upphafi. Því var annað námsefni nýtt í auknum mæli s.s. bækur, spil og annar fjölbreyttur málörvunarefniviður og gaf það möguleika á enn meiri fjölbreyttni. Við vorum stöðugt að leita nýrra og fjölbreyttra leiða og ein leiðin var t.d. samstarf við Bókasafn Reykjanesbæjar. Það samstarf fól í sér að bókasafnið lánaði okkur bækur og geisladiska þar sem viðkomandi bók var lesin inn á. Þetta efni var síðan til útláns fyrir þátttakendurna í verkefninu þ.e. fjölskyldur erlendu barnanna. Því miður var þetta ekki nýtt sem skildi en í haust verður farið af stað með að kynna þetta aftur og hvetja fólk til að nýta sér þetta námsefni.

Í áætluninni var að foreldrar gætu fengið spjaldtölvurnar heim en það hefur ekki komið til framkvæmda ennþá og spurning hvort að það verði síðar meir.

## Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Helstu hindranirnar sem við mættum í upphafi var vankunnátta okkar á spjaldtölvum. Við tókumst á við ýmiss konar tæknileg vandamál sem reyndust tímafrek og hindruðu okkur í því að gera hlutina eins og við vildum hafa þá. Einnig reyndist erfitt að virkja alla starfsmenn á deildum í því að nota spjaldtölvurnar og þar var vankunnátta og óöryggi helsta ástæðan. Verið er að vinna í því að auka kunnáttu og hæfni starfsmanna í vinnu með spjaldtölvur.

## Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið

Margt jákvætt hefur áunnist með þessu verkefni. Má þar fyrst og fremst nefna aukna meðvitund starfsmanna um tungumálið, hvernig það lærist og hvernig hægt er að kenna það í daglegu starfi og daglegum samskiptum við börnin. Með aukinni meðvitund kemur starfsfólk frekar auga á tækifærin sem liggja í daglegum samskiptum og nýta þau enn betur t.d. með því að hafa orð á því sem er að gerast, fá börnin til að tjá sig með orðum, skapa samræður við börnin o.s.frv. Einnig er starfsfólk duglegra að grípa í málörvandi efnivið þegar tækifæri gefst.



Börnin hafa aðgang að meiri og fjölbreyttari efniviði til málörvunar. Með því að hafa spjaldtölvu á hverri deild þar sem börnin geta farið í fjölbreytta málörvunarleiki í frjálsum leik aukast tækifæri þeirra til að kynnst tungumálinu, hlusta á það, skilja og nota það. Þannig fá þau aukin tækifæri til að leika sér með og nota íslenskt tungumál.

Foreldrar erlendu barnanna hafa fengið góðar upplýsingar um hvernig þeir geta stutt sem best við tungumálanám barna sinna, einnig stendur þeim til boða að koma með eigin spjaldtölvur í leikskólann og fá aðstoð við að finna og setja inn málörvandi smáforrit.

Ýmsar hugmyndir og nýjungar eru í vinnslu eftir áhugaverða námsferð til London. Sá ávinningur á eftir að skila sér í nýjum og áhugaverðum leiðum sem koma til með að verða teknar upp í leikskólanum á komandi mánuðum.

Eftir að hafa unnið með þetta verkefni í eitt ár höfum við náð að greina betur hvaða þættir skipta mestu máli varðandi máltöku og læsi barna af erlendum uppruna. Í haust verða gerðar áætlanir, út frá aukinni þekkingu, til að vinna enn markvissara en áður að því að auka orðaforða og efla máltöku og læsi þessara barna.

Síðast en ekki síst má nefna þann ávinning að erlendu börnin hafa sýnt miklar framfarir í íslensku tungumáli á þessu eina ári sem verkefnið hefur staðið yfir. Bryndís Guðmundsdóttir

talmeinafræðingur gerði mat á þátttakendum verkefnisins haustið 2014 og aftur í apríl 2015. Upplýsingar um matið og niðurstöður má sjá á eftirfarandi myndum.



## Brú milli tungumála

Rannsókn – Leikskólinn Gefnarborg, Garði  
Orðaforðaprófun – 1. og 2. mæling, haust 2014 og vor 2015  
Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur, Raddlist ehf.

„Brú milli tungumála“ Gefnarborg - rannsókn  
Mat á orðaforða - Bryndís Guðmundsdóttir

### Samantekt

- “ Fyrri prófun fór fram á Leikskólanum Gefnarborg í sveitarfélaginu Garði þann 12. sept. 2014. Ein stúlka (FCDS) var prófuð 14. okt.
- “ Prófgögn: Expressive One Word Picture Vocabulary Test (bandarísk stöðlun og aldursviðmið) og Peabody Picture Vocabulary test, PPVT (islensk stöðlun).
- “ \*Í þeim tilvikum sem barn fékk ekki stig í prófi á töluðum orðaforða (Expressive test) var lagt fyrir próf á skilningi orða (PPVT) og hrátölur (fjöldi orða) skráðar
- “ Hrástig í niðurstöðum prófa voru lögð til samanburðar í seinni prófun árið 2015, auk mælitalna úr prófun.
- “ Seinni prófun fór fram á Leikskólanum Gefnarborg í sveitarfélaginu Garði þann 10. apríl 2015.

„Brú milli tungumála“ Gefnarborg - rannsókn  
Mat á orðaforða - Bryndís Guðmundsdóttir

## Talaður orðaforði m.v. jafnaldra

“ Sjö börn voru undir 50 í fyrra prófi á virkum orðaforða („expressive“) en fjögur börn að sjö mánuðum liðnum.

Meðaltal – aukning á orðaforða milli deilda – próf 1 og próf 2.

“ Vinakot: mælitala 66,2 í 83,4 (aukning um 26%)

“ Hálsakot: mælitala 55 í 74 (aukning um 34,6%)


“ Sælukot: mælitala 50 í 53,5 (aukning um 7%) Ath. tvö börn enn undir 50 en framfarir eru mældar í orðskilningi (receptive PPVT)

“ Kátakot: mælitala 50 í 50 = engin breyting ( en hækkun á skilningi orða)


“ Athygli vekur að annað barnið sem fékk undir 50 í íslensku „svaraði á ensku“ í expressivu prófi og myndi fá mælitölu í ensku prófi sem samsvarar mælitölu 58 (mælitala talaðs orðaforða).

„Brú milli tungumála“ Gefnarborg - rannsókn  
Mat á orðaforða - Bryndís Guðmundsdóttir

## Þjóðerni



„Brú milli tungumála“ Gefnarborg - rannsókn  
Mat á orðaforða - Bryndís Guðmundsdóttir



## Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Þetta verkefni á tvímælalaust eftir að auka gæði skólastarfsins í Gefnarborg. Það er þegar farið að skila árangri eins og sjá má á niðurstöðum matsins hjá Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðingi. Margar og áhugaverðar hugmyndir eru í gangi sem eiga eftir að skila sér í markvissara og fjölbreyttara starfi varðandi máltöku og læsi erlendra barna í leikskólanum. Á þessu fyrsta ári höfum við lært margt og aukið þekkingu okkar og færni varðandi vinnu með erlendum börnum og við erum rétt að byrja. Við komum til með að halda áfram að þróa þetta mikilvæga viðfangsefni.

## Niðurstöður verkefnisins

Þegar þetta síðastliðna ár er tekið saman má segja að hægt sé að greina nokkra þætti sem við teljum mikilvægari en aðra varðandi máltöku og læsi erlendra barna. Fyrst og fremst má nefna mikilvægi þess að nota tungumálið markvisst í daglegum samskiptum við börnin. Þar skiptir mál að hafa skapandi umhverfi bæði úti og inni þar sem börnin takast á við krefjandi, uppbyggjandi og áhugaverð viðfangsefni. Virkni starfsfólks skiptir miklu máli, að það taki þátt í starfinu með börnunum og noti tungumálið í samskiptum. Öflugt samstarf við heimilin og fjölskyldur barnanna er mikilvægur þáttur. Að foreldrar geri sér grein fyrir hvað þeirra framlag skiptir miklu máli og átti sig á hvernig þeir geta stutt sem best við máltöku barna sinna. Þar reynir á gott upplýsingastreymi og stuðning við foreldra.

Í vetur höfum við tekið börnin út af deildum í sérkennslu í íslensku sem viðbót við þá örvun sem þau hafa fengið á deildunum. Það álítum við tímabundna leið í upphafi átaks. Við sjáum fyrir okkur að öflug og markviss innlögn á orðaforða frá upphafi leikskólagöngu hjálpi

börnunum að ná fyrr tókum á tungumálinu og fyrirbyggja að þau dragist aftur úr. Þá sé síður þörf á sérkennslu.

Við teljum okkur hafa náð markmiðum verkefnisins og álítum niðurstöður matsins hjá Bryndísi til merkis um það. Þar má sjá að á 7 mánuðum var aukning á orðaforða á elstu deild um 26 % og á næstelstu deild um 34,6 %. Minni aukning var á yngri deildunum en þar hækkuðu þau mælitölu orðskilnings en þau virðast þurfa lengri tíma til að fara í gang með að tala og tjá sig í



töluðum orðaforða. Verkfæri og efniviður til málörvunar hefur aukist til muna í leikskólanum svo og meðvitund starfsfólks um að nota tungumálið markvisst í daglegu starfi. Það teljum við einnig dæmi um að markmiðum verkefnisins hafi verið náð. Í leikskólanum er til staðar áhugi og metnaður fyrir því að halda þessu metnaðarfulla verkefni áfram og bæta enn frekar og auka gæði starfsins í tengslum við máltöku og læsi barna.

### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Í gangi er undirbúningur að kynningu á verkefninu, reynslunni, námsferðinni, niðurstöðum og áætlunum. Kynningin mun fara fram í haust á ýmsum stöðum í skólasamfélaginu s.s. fyrir skólanefnd bæjarfélagsins, grunnskólanum, Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, leikskólastjórum á Suðurnesjum og foreldrum leikskólabarna í Gefnarborg.

30. júní 2015

Elsa Pálsdóttir